



DALVÍKURBYGGÐ

Leiðbeiningar vegna of- eða vangreiddra launa

Starfsfólk sem fær ofgreidd laun vegna mistaka í launavinnslu, þarf almennt að endurgreiða launin hafi því mátt vera ljóst að um ofgreiðslu hafi verið að ræða. Ef um er að ræða **umtalsvert hærrí upphæð**¹ greidda en það átti von á, þarf því almennt að endurgreiða það sem ofgreitt var. Skiptir máli hvort um sé að ræða móttöku launa í **góðri trú** eða **ekki í góðri trú**.

Of- eða vangreidd laun má skipta í eftirfarandi flokka:

- Ofgreidd laun vegna mistaka
- Ofgreiddur veikindaréttur
- Vangreidd laun
- Andvaraleysi launþega

Hafir þú fengið ranglega útborgað hafðu þá samband, eins fljótt og auðið er, við næsta yfirmann og/eða launafulltrúa.

¹ Í samræmi við útborguð laun.